



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Leiðbeinandi tilmæli

nr. 2/2012

um framkvæmd reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

11. desember 2012

## Efnisyfirlit

1.	Almennt.....	2
2.	Ákvæði XIII. kafla laga um verðbréfiðskipti .....	2
3.	Almennt um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja .....	4
4.	Leiðbeiningar við einstök ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 .....	5
4.1.	Gildissvið .....	5
4.2.	Ábyrgð stjórnar og staða regluvarðar.....	5
4.3.	Ráðning og brotthvarf regluvarðar .....	6
4.4.	Hæfni regluvarðar .....	6
4.5.	Aðgangur að upplýsingum og gögnum .....	7
4.6.	Hlutverk regluvarðar.....	7
4.7.	Samskiptaskrá .....	8
4.8.	Skýrsla til stjórnar.....	9
4.9.	Tilkynning regluvarðar um hugsanlegt brot til Fjármálaeftirlitsins.....	10
4.10.	Mat á upplýsingum og birting innherjaupplýsinga .....	10
4.11.	Lögmæt frestun birtingar innherjaupplýsinga .....	11
4.12.	Varfærin meðferð innherjaupplýsinga .....	12
4.13.	Gerð innherjalista og viðmið stjórnar útgefanda.....	13
4.14.	Listi yfir fruminnherja.....	14
4.15.	Listi yfir tímabundna innherja .....	14
4.16.	Listar yfir fjárhagslega tengda aðila .....	15
4.17.	Tilkynning til innherja, eyðublað um fjárhagslega tengda aðila og yfirlýsing .....	16
4.18.	Sending innherjalista til Fjármálaeftirlitsins, tímamörk og varðveisla innherjalista ....	17
4.19.	Rannsóknarskylda fruminnherja.....	18
4.20.	Tilkynningarskylda fruminnherja.....	19
4.21.	Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins .....	20
4.22.	Opinber birting upplýsinga um viðskipti.....	21
4.23.	Fræðsla á lögum og reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja...	21
4.24.	Gildistaka o.fl. ....	22

## 1. Almennt

- 1.1. Fjármálaeftirlitið gefur nú út leiðbeinandi tilmæli vegna reglna þess nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- 1.2. Við gerð tilmælanna var stuðst við þær leiðbeiningar sem áður hafa verið gefnar út á vegum Fjármálaeftirlitsins, framkvæmd undanfarinna ára og reynslu Fjármálaeftirlitsins við veitingu leiðbeininga varðandi eldri reglur þess. Þá var einnig litið til framkvæmdar annarra norrænna ríkja varðandi efnislega sambærileg atriði.
- 1.3. Leiðbeinandi tilmælin eru gefin út til að veita þátttakendum á verðbréfamarkaði almennar leiðbeiningar vegna reglna Fjármálaeftirlitsins 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sem settar eru á grundvelli 132. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.).
- 1.4. Um er að ræða almennar leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins til nánari skýringar á þeim lágmarkskröfum sem reglur nr. 1050/2012 gera varðandi meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Markmiðið er að skýra ákvæði reglnanna með almennu orðalagi sem og að veita leiðbeiningar varðandi framkvæmdaþætti er varða reglurnar. Þá er reynt að skýra flóknari atriði. Ekki er þó um tæmandi skýringar að ræða.
- 1.5. Í tilmælunum eru fyrst og fremst settar fram leiðbeiningar varðandi einstök ákvæði. Í upphafi verða þó helstu ákvæði vvl. sem varða viðfangsefnið reifuð og almennt fjallað um tilgang þeirra reglna sem um það gilda.

## 2. Ákvæði XIII. kafla laga um verðbréfiðskipti

- 2.1. Um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja er fyrst og fremst fjallað í XIII. kafla vvl. Í kaflanum er hugtakið innherjaupplýsingar skilgreint:

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem sett er skv. 131. gr. [Upplýsingar teljast opinberar þegar útgefandi fjármálagerninga hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær, sbr. 122. og 127. gr.]<sup>1)</sup> ...<sup>1)</sup>

- 2.2. Í opinberri birtingu upplýsinga felst að útgefandi birti almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Nánar er fjallað um opinbera birtingu upplýsinga í reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu samkvæmt vvl.
- 2.3. Fjallað er nánar um hugtakið innherjaupplýsingar, aðgerðir, birtingu og tímafresti upplýsingagjafar og undantekninguna frá opinberri birtingu upplýsinga í reglugerð nr. 630/2005 er fjallar um innherjaupplýsingar og markaðssvik.
- 2.4. Þá er í XIII. kafla vvl. að finna skilgreiningar á mismunandi tegundum innherja og markast mismunur þeirra skilgreininga meðal annars af aðgangi aðila að innherjaupplýsingum.

Með innherja er átt við:

1. fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga,
2. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og
3. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

2.5. Í þessum kafla laganna er einnig fjallað um innherjaskrá sem hefur að geyma upplýsingar um fruminnherja og tímabundna innherja, tilkynningar um réttarstöðu þeirra, á hvaða hátt og við hvaða aðstæður fruminnherjar geta átt viðskipti og hvaða viðskipti ber að birta opinberlega.

2.6. Að auki er fjallað um það hvað innherja er óheimilt að gera, þ.e. innherjasvik.

Innherja er óheimilt að:

1. afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum,
2. láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

Ákvæði 1. mgr. nær einnig til:

1. lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans,
2. aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmeats atferlis.

2.7. Um eftirlit með meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja er fjallað í kaflanum en í 130. gr. vvl. segir:

Stjórn útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum útgefnum af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli 132. gr., um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sé fylgt. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með að framangreindum reglum sé framfylgt innan útgefandans og honum ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja eftir því sem við getur átt.

2.8. Samkvæmt 132. gr. vvl. skal Fjármálaeftirlitið setja reglur um:

1. meðferð innherjaupplýsinga, þ.m.t. með hvaða hætti komið skuli í veg fyrir að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra er þarfnast þeirra vegna starfa sinna,
2. viðskipti innherja, þ.m.t. hvernig rannsóknarskyldu fruminnherja skv. 125. gr. skuli háttáð,
3. hlutverk og stöðu regluvarðar, sbr. 130. gr.,

4. skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglna skv. 130. gr.,
5. skilgreiningu fjárhagslega tengdra aðila,
6. innherjalista,
7. tilkynningar um viðskipti fruminnherja, stjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila.

1.1. Þær reglur sem gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja er að finna í lögum um verðbréfiðskipti, reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og reglum Fjármálaeftirlitsins. Verður nú vikið að tilgangi þeirra reglna er gilda um viðfangsefnið og varða því reglur Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

### 3. Almenn um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja

3.1. Tilgangur reglna er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja á markaði er margþættur. Reglunum er meðal annars ætlað að vernda fjárfesta, útgefendur fjármálagerninga og trúverðugleika verðbréfamarkaðarins í heild sinni.

3.2. Reglurnar miða að því að tryggja jafnræði fjárfesta til aðgangs að upplýsingum sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga. Mikilvægt er því að slíkar upplýsingar séu gerðar opinberar eins fljótt og auðið er og í samræmi við tiltekna framkvæmd sem er útlistuð í lögum og reglum. Í þeim tilvikum sem ekki er unnt að opinbera upplýsingarnar eins fljótt og auðið er, er mikilvægt að hindra að innherjaupplýsingarnar berist til óviðkomandi og höfð sé yfirsýn yfir það hverjir búi yfir þeim. Þá er einnig farið að ákveðnu fyrirfram skilgreindu verklagi þegar kemur að viðskiptum fruminnherja og aðila þeim fjárhagslega tengdum og er talað um tilkynningarskyld viðskipti í því sambandi.

3.3. Til viðbótar framangreindu er reglunum ætlað að treysta gegnsæi fjármálamarkaðar, stuðla að skýrari verðmyndun og heiðarleika í verðbréfiðskiptum.

3.4. Reglur Fjármálaeftirlitsins eru lágmarksviðmið og beinir Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til útgefenda að útfæra þær nánar og aðlaga að aðstæðum m.t.t. skipulags, uppbyggingar og stærðar. Slíkt á einnig við um stjórnvöld og aðra sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni, en reglurnar gilda um þá aðila eftir því sem við getur átt.

3.5. Hafa skal í huga að kerfisbundin meðferð innherjaupplýsinga, fastmótað verklag og virkt eftirlit eykur einnig réttaröryggi þeirra sem starfa eftir reglunum.

3.6. Verða nú settar fram leiðbeiningar við einstök ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Á eftir hverri grein reglnanna eru settar fram almennar leiðbeiningar.

#### 4. Leiðbeiningar við einstök ákvæði reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012

##### 4.1. Gildissvið

###### 1. gr.

Ákvæði þessara reglna taka til útgefenda fjármálagerninga. Um eftirfarandi fjármálagerninga ræðir:

1. Fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða á sambærilegum erlendum mörkuðum og fjármálagerninga sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) hér á landi og
2. fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum samkvæmt 1. tölul.

Þá gilda reglurnar um innherja og aðila sem tengjast þeim fjárhagslega og viðskipti þeirra með fjármálagerninga samkvæmt 1. mgr.

Stjórnvöld og aðrir sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglunum, eftir því sem við getur átt.

Í 1. mgr. 1. gr. kemur fram að reglurnar taka til útgefenda tiltekinna fjármálagerninga, líkt og gert er í 1. mgr. 119. gr. vvl. Vakin er sérstök athygli á skilgreiningu á hugtakinu fjármálagerningur í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. vvl. Þá var talin þörf á að tilgreina sérstaklega að ákvæðin gilda um útgefendur fjármálagerninganna. Reglurnar gilda líkt og ákvæði laganna einnig um fjármálagerninga sem tengdir eru einum eða fleiri fjármálagerningum. Með 1. mgr. er því lögð áhersla á að skilgreina hvaða útgefendur skulu fara að reglunum.

Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að reglurnar gilda um innherja, sbr. skilgreiningu í vvl. og aðila sem tengjast þeim fjárhagslega. Þá er tilgreint að reglurnar gildi einnig um viðskipti þeirra með fjármálagerninga. Ekki er um efnislega breytingu frá fyrri reglum að ræða heldur eru þær skýrðar nánar, þar sem reglurnar eiga bæði við almennt og um viðskipti innherja (og fjárhagslega tengdra aðila). Þegar um viðskipti þeirra er að ræða er miðað við þá fjármálagerninga sem um ræðir í 1. mgr.

Í 3. mgr. 1. gr. er vísað til stjórnvalda og annarra sem fá reglulega innherjaupplýsingar. Í 2. mgr. 130. gr. vvl. kemur sérstaklega fram að þessir aðilar skulu fara að reglunum. Með stjórnvöldum er átt við hefðbundna skilgreiningu þess orðs. Aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar geta t.a.m. verið fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfiðskipta, opinberir eftirlitsaðilar, lögmenn og endurskoðendur.

##### 4.2. Ábyrgð stjórnar og staða regluvarðar

###### 2. gr.

Stjórn útgefanda ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum þessum sé fylgt.

Regluvörður útgefanda hefur umsjón með að reglunum sé framfylgt innan útgefandans.

Regluvörður hefur það hlutverk að hafa almenna umsjón með að reglunum sé framfylgt en það er stjórn sem ber ábyrgð á eftirliti með því að reglunum sé fylgt. Tilgangur þess að tiltekinn aðili hafi umsjón með reglunum er að útgefendur hugi vel að framkvæmd þeirra í því skyni að auka traust á markaði.

Stjórn skal taka skýrslu regluvarðar til skoðunar og greina efnisinnihald hennar út frá hlutverki sínu og ábyrgð. Stjórn skal, ef þörf krefur, bregðast við athugasemdum regluvarðar og óska eftir viðeigandi úrbótum innan fyrirtækisins. Afstaða stjórnar skal skráð í fundargerð.

Í reglunum er fyrst og fremst vísað til útgefanda en einnig til fyrirtækis og félags. Stundum er þó sérstaklega vísað, samhengisins vegna, beint til regluvarðar.

### 4.3. Ráðning og brotthvarf regluvarðar

3. gr.

*Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Ef regluvörður er ekki ráðinn af stjórn, tekur ráðning hans gildi þegar stjórn hefur staðfest ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Ekki er heimilt að ráða lögaðila sem regluvörð.*

*Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt tafarlaust með formlegum hætti um ráðningu regluvarðar og staðgengils hans. Tilkynningunni skal fylgja afrit af þeim hluta fundargerðar stjórnar sem fjallar um ráðningu regluvarðar eða staðgengils hans.*

*Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu tafarlaust með formlegum hætti um uppsögn regluvarðar og staðgengils hans sem og ástæður þess að viðkomandi lætur af störfum.*

*Stjórn ber ábyrgð á að viðeigandi tilkynningar séu sendar Fjármálaeftirlitinu.*

Það er fortakslaus skylda að stjórn taki afstöðu með því að staðfesta ráðningu regluvarðar sérstaklega ef stjórn ræður viðkomandi ekki til starfa. Það á til að mynda við þegar aðili innan fyrirtækis er ráðinn til að gegna starfi regluvarðar samhliða öðrum störfum. Stjórn ber ábyrgð á eftirliti með að reglunum sé fylgt og hefur regluvörður umsjón með að þeim sé framfylgt. Því er mikilvægt að stjórn taki afstöðu til ráðningar og brottvikningar. Ákvæði reglnanna er varða regluvörð eiga við staðgengil hans eftir því sem við getur átt.

Regluvörður skal í öllum tilvikum vera tiltekinn einstaklingur. Mikilvægt er að stjórn taki til skoðunar hæfni viðkomandi einstaklings til að gegna starfi regluvarðar sbr. 4. gr. reglnanna.

Efni tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skal meðal annars innihalda nafn og kennitölu viðkomandi, dagsetningu ráðningar, sbr. ákvörðun stjórnar, og afrit fundargerðar. Þá er heppilegt að viðeigandi upplýsingar um bakgrunn viðkomandi fyrir starfið fylgi með (út frá þeim hæfniskröfum sem gerðar eru). Undirrituð tilkynning og afrit af fundargerð stjórnar skal sent Fjármálaeftirlitinu bréflega eða með tölvupósti á netfang Fjármálaeftirlitsins, fme@fme.is. Sama gildir um brotthvarf regluvarðar, hvort sem viðkomandi lætur af störfum af sjálfsdáðum eða er sagt upp störfum.

Stjórn er heimilt að fela framkvæmdastjóra fyrirtækis að senda viðeigandi tilkynningar, t.d. ef regluverði hefur verið sagt upp störfum.

Hafa skal í huga að útbúa þarf aðgang að skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins fyrir nýjan regluvörð og þá um leið loka aðgangi fyrri regluvarðar. Regluvörður getur framkvæmt slíkar skipanir hafi hann viðeigandi aðgang að skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins.

### 4.4. Hæfni regluvarðar

4. gr.

*Regluvörður skal búa yfir fullnægjandi þekkingu til að geta gegnt starfi regluvarðar.*

*Regluvörður skal hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Þá skal hann hafa haldgóða þekkingu á starfsemi útgefanda og þeim starfsvetvangi sem hann starfar á. Einnig er mikilvægt að regluvörður hafi þekkingu á þeirri tegund fjármálagerna sem útgefandi hefur fengið tekna til viðskipta og viðkomandi skipulögðum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerna.*

*Regluvörður skal vera sjálfstæður í störfum sínum.*

Til þess að regluvörður geti gegnt starfi sínu á fullnægjandi hátt verður viðkomandi einstaklingur að búa yfir fullnægjandi þekkingu til að gegna starfi sínu og verður stjórn að taka slíkt til skoðunar þegar regluvörður er ráðinn til starfa.

Regluvörður þarf meðal annars að geta lagt mat á efnislegt innihald upplýsinga, t.d. hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga út frá þeim lögum og reglum er gilda og því er umrædd þekking nauðsynleg. Þá er einnig mikilvægt að viðkomandi aðili skilji og hafi þekkingu á þeim fjármálagerningi sem um ræðir og þeim markaði/markaðstorgi sem fjármálagerningur útgefanda hefur verið tekinn til viðskipta á til að geta gegnt starfi sínu með fullnægjandi hætti.

Þá telur Fjármálaeftirlitið heppilegt að viðkomandi aðili hafi einnig þekkingu á öðrum reglum er gilda um útgefendur fjármálagerninga, t.a.m. reglum er varða flöggun (breyting á verulegum hlut atkvæðisréttar), birtingu atvikabundinna upplýsinga (t.d. ársreiknings) og reglna sem gilda þegar lagt hefur verið fram yfirtökutilboð.

Mikilvægt er að sá aðili sem fenginn er til að gegna regluvörslu sé sjálfstæður í störfum sínum.

Hjá sumum útgefendum er starf regluvarðar ekki fullt starf. Í þeim tilvikum er heppilegt að í starfið veljist aðili sem sinnir verkefnum innan fyrirtækisins sem nýtast við regluvörslu.

#### **4.5. Aðgangur að upplýsingum og gögnum**

*5. gr.*

*Regluvörður skal hafa ótakmarkaðan aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru til að hann geti sinnt starfi sínu. Það er regluvarðar að leggja mat á hvaða upplýsingar og gögn það eru hverju sinni.*

*Regluverði skal greint tímanlega frá upplýsingum sem hann kann að þurfa starfs síns vegna.*

Með gögnum er t.d. átt við samningsdrög og með upplýsingum er t.d. átt við aðgang að fundum innan fyrirtækis, t.a.m. sameiginlegum fundum yfirmanna starfseininga með framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Þrátt fyrir að regluverði beri að hafa aðgang að öllum gögnum er ljóst að regluvörður getur ekki alltaf vitað um allt sem á sér stað innan útgefanda nema honum sé greint frá því. Af þeirri ástæðu er lögð sú skylda á starfsmenn, framkvæmdastjóra og stjórnarmenn að greina regluverði frá og halda honum upplýstum, sjá nánar 10. gr. um mat á upplýsingum. Aðilar skulu að eigin frumkvæði og tímanlega, t.d. áður en upplýsingar eru orðnar „nægjanlega tilgreindar“ til að teljast til innherjaupplýsinga, greina regluverði frá slíkum upplýsingum.

Fjármálaeftirlitið ítrekar að það er forsenda fyrir útvistun á starfi regluvarðar að viðkomandi aðili hafi aðgang að upplýsingum og gögnum og að viðkomandi sé greint tímanlega frá upplýsingum sem hann kann að þurfa starfs síns vegna.

#### **4.6. Hlutverk regluvarðar**

*6. gr.*

*Regluvörður hefur umsjón með því að reglum þessum sé framfylgt innan útgefandans. Í fjarveru hans hefur staðgengill regluvarðar umsjón með því.*

*Hlutverk regluvarðar er m.a. að:*

1. Veita álit á eðli upplýsinga, m.t.t. skilgreiningar á hugtakinu innherjaupplýsingar,



2. veita álit á því hvort heimilt er að fresta birtingu innherjaupplýsinga,
3. hafa yfirsýn yfir meðferð innherjaupplýsinga sem frestað hefur verið birtingu á,
4. sinna verkefnum tengdum innherjalistum og listum yfir fjárhagslega tengda aðila,
5. veita fruminnherjum ráðleggingar vegna rannsóknarskyldu,
6. móttaka tilkynningar um viðskipti fruminnherja,
7. senda tilkynningar um viðskipti fruminnherja og stjórnenda,
8. sjá um fræðslu til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna,
9. sjá um samskipti f.h. útgefanda við Fjármálaeftirlitið,
10. hafa umsjón með samskiptaskrá,
11. sjá um gerð og kynningu á skýrslu til stjórnar.

Í reglum þessum er fjallað ítarlega um einstaka þætti og greint frá hlutverki regluvarðar varðandi þá. Til einföldunar eru tilgreindir helstu þættir sem krefjast aðkomu regluvarðar og móta því hlutverk hans.

#### 4.7. Samskiptaskrá

##### 7. gr.

*Regluvörður skal skrá samskipti sem fara fram á grundvelli reglnanna í sérstaka samskiptaskrá. Samskipti skulu skráð í tímaröð og tryggt skal að ekki sé hægt að gera breytingar á skráningunni án ummerkja um breytingar og fyrri færslur. Gerð skal grein fyrir ástæðum breytinga. Samskiptin má skrá í bók með númeruðum blaðsíðum eða með skipulegum hætti á rafrænu formi. Samskiptaskrá skal varðveitt að lágmarki í sjö ár.*

*Telji regluvörður tilefni til skal hann skrá í samskiptaskrá þegar mat hefur farið fram á tilteknum upplýsingum og slíkt mat hefur leitt til þess að ekki var talið að um innherjaupplýsingar væri að ræða. Skal regluvörður skrá ástæðu þess ef svo var ekki talið vera. Regluvörður skal þó alltaf skrá í samskiptaskrá ef hann telur að um innherjaupplýsingar sé að ræða en framkvæmdastjóri er ekki á sama máli sem og ástæður þess.*

*Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að fresta birtingu innherjaupplýsinga vegna lögmætra hagsmuna útgefandans, skal slíkt skráð í samskiptaskrá ásamt rökstuðningi útgefanda fyrir frestuninni m.t.t. þeirra laga og reglna er gilda um frestun á birtingu innherjaupplýsinga.*

*Þá skal regluvörður halda skrá yfir samskipti sín við innherja útgefanda sem fram fara á grundvelli reglnanna. Færslur vegna innherjaviðskipta, þegar innherji sinnir rannsóknarskyldu og fyrri hluta tilkynningarskyldu, þ.e. tilkynning um fyrirhuguð viðskipti, skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:*

1. Nafn innherja auk aðila sem tengist honum fjárhagslega ef við á,
2. hvenær (dagsetning og tímasetning) innherji óskar eftir ráðleggingu regluvarðar vegna viðskipta með hluti útgefanda eða fjármálageminga þeim tengdum,
3. hvort regluvörður telji innherjaupplýsingar vera fyrir hendi innan útgefanda og hvort ráðlegging regluvarðar hafi verið að mæla gegn því að aðili ætti viðskipti eða að hann gerði ekki athugasemdir við þau. Skrá skal nákvæma tímasetningu þegar regluvörður gaf ráðleggingar sínar.

*Þegar innherji sinnir seinni hluta tilkynningarskyldu, þ.e. tilkynnir um viðskiptin eftir að þau hafa farið fram, ber að tilkynna um þau atriði sem talin eru upp í 21. gr. reglnanna. Færslur regluvarðar í samskiptaskrá vegna þessa skulu hafa að geyma þessar upplýsingar eða afrit af tilkynningum til Fjármálaeftirlitsins og þeirri tilkynningu sem birt var opinberlega, þegar við á.*

Í samskiptaskrá regluvarðar skal skrá samskipti er fara fram á grundvelli reglnanna, þ.e. í fyrsta lagi varðandi greiningu og birtingu á innherjaupplýsingum, í öðru lagi varðandi frestun á birtingu innherjaupplýsinga og í þriðja lagi varðandi samskipti við innherja, m.a. vegna viðskipta þeirra. Það er meðal annars markmið með skráningu í samskiptaskrá að tryggja rekjanleika samskipta eftir á.

Samskiptaskrá skal varðveitt í sjö ár, í samræmi við 144. gr. vvl. (fyrningarákvæði) þar sem segir að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögnum um verðbréfiðskipti falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Regluvörður ber ábyrgð á að halda utan um samskiptaskrá sem og samskipti regluvarðar við aðra aðila á grundvelli þessara reglna.

Mikilvægt er að samskipti séu skráð ef breytingar eru gerðar og þá skulu fyrri færslur sjáist í þeim tilgangi að hægt sé að rekja breytingar. Regluverði einum skal vera heimilt að gera slíkar breytingar. Greina skal frá ástæðu breytinga.

Ljóst er að þegar upplýsingar teljast innherjaupplýsingar skal birta þær opinberlega í samræmi við lög og reglur, nema til frestunar á birtingu þeirra komi. Upp geta komið tilvik þar sem það er mat aðila að ekki sé um innherjaupplýsingar að ræða á þeirri stundu. Ef regluvörður telur tilefni til skal hann skrá slíkt í samskiptaskrá. Regluvörður skal þó alltaf skrá upplýsingar í samskiptaskrá ef hann og framkvæmdastjóra<sup>1</sup> útgefanda greinir á um hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga. Skal m.a. koma fram hverjar voru röksemdir framkvæmdastjóra fyrir því að birta ekki upplýsingarnar.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um frestun á birtingu innherjaupplýsinga skal hún undantekningalaust skráð í samskiptaskrá og skal ítarlega greint frá ástæðum hennar út frá þeim lögum og reglum er gilda. Þar sem taka þarf „sérstaka“ ákvörðun um að fresta birtingu verður að skrá slíkt en það er m.a. mikilvægt út frá sönnun um töku ákvörðunarinnar síðar meir.

Regluverði er ráðlagt að skrá frekar meira en minna og rökstyðja tiltekin atriði meira en minna. Þá getur regluvörður látið gögn fylgja samskiptaskrá.

#### 4.8. Skýrsla til stjórnar

##### 8. gr.

*Regluverði ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.*

*Í skýrslu regluvarðar gefur hann stjórn annars vegar yfirlit yfir störf sín og hins vegar greinir hann frá einstökum atriðum, ef tilefni er til. Í almennu yfirliti regluvarðar yfir störf hans skal m.a. getið um:*

1. Stöðu regluvarðar innan útgefanda,
2. aðgang regluvarðar að upplýsingum og gögnum,
3. ágreining sem verið hefur um mat á upplýsingum (m.t.t. innherjaupplýsinga), ef við á,
4. upplýsingar sem birtar voru opinberlega á tímabilinu,
5. hvort birtingu innherjaupplýsinga hafi verið frestað á tímabilinu og umfjöllun um mat regluvarðar frá frestunartíma, meðal annars m.t.t. varfærinnar meðferðar innherjaupplýsinga,
6. mat regluvarðar á viðmiðum stjórnar um hverja skal setja á lista yfir fruminnherja og hverjir skulu teljast til stjórnenda útgefanda,
7. hversu margir leituðu til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu sinnar vegna fyrirhugaðra viðskipta,
8. hversu oft regluvörður hefur mælt gegn viðskiptum fruminnherja,
9. hvort einhver viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og/eða tilkynningarskyldu hafi verið sinnt,
10. þá fræðslu sem regluvörður hefur sinnt og á hvaða hátt hún var veitt,
11. samskipti regluvarðar við Fjármálaeftirlitið,
12. einstök tilvik sem upp hafa komið, ef tilefni er til,
13. önnur atriði.

*Þá getur regluvörður lagt fram skýrslu fyrir stjórn vegna einstakra álitafna ef tilefni er til.*

*Í framhaldi af skýrslu regluvarðar til stjórnar um framkvæmd regluvörslu skal stjórn útgefanda sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar innan útgefanda ef þörf krefur.*

<sup>1</sup> Þegar vísað er til framkvæmdastjóra er átt við þann aðila sem annast daglegan rekstur félagsins, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

*Þegar regluvörður lætur af störfum, skal hann ávallt skila skýrslu til stjórnar um framkvæmd regluvörslu frá síðustu skýrslu fram til starfsloka.*

Regluvörður gefur skýrslu til stjórnar enda ber stjórn ábyrgð á eftirliti með því að reglunum sé fylgt.

Regluvörður skal í það minnsta einu sinni á ári gefa stjórn almennt yfirlit yfir framkvæmd regluvörslu, en einnig getur regluvörður gefið stjórn sérstaka skýrslu vegna einstakra atvika telji hann tilefni til í ljósi ábyrgðar stjórnar. Til þess getur komið t.a.m. ef regluvörð og framkvæmdastjóra greinir á um hvort upplýsingar teljast innherjaupplýsingar sem ber að birta lögum samkvæmt. Í þeim tilvikum skráir regluvörður um það í samskiptaskrá og telji hann tilefni til greinir hann stjórn frá því. Þá skal regluvörður einnig greina Fjármálaeftirlitinu frá ef tilefni er til.

Mikilvægt er að stjórn bregðist við ef regluvörður gerir athugasemdir. Stjórn skal skrá það í fundargerð og ef stjórn telur tilefni til skal hún kalla eftir úrbótum innan fyrirtækisins.

Í ljósi eðlis þess starfs sem regluvörður gegnir, telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að regluvörður sem lætur af störfum greini stjórn frá framkvæmd regluvörslu frá síðustu skýrslu fram til starfsloka.

#### **4.9. Tilkynning regluvarðar um hugsanlegt brot til Fjármálaeftirlitsins**

9. gr.

Regluverði ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hugsanleg brot gegn ákvæðum reglnanna, m.a. þegar:

1. Regluvörður metur það sem svo að um alvarlegt brot geti verið að ræða gegn lögum og reglum um opinbera birtingu innherjaupplýsinga, sbr. III. kafla reglnanna,
2. fruminnherji á viðskipti sem regluvörður hefur mælt gegn að hann ætti, sbr. V. kafla reglnanna.

Regluvörður skal gera Fjármálaeftirlitinu viðvart ef um hugsanlegt brot er að ræða. Það er Fjármálaeftirlitsins að leggja mat á tilkynningu regluvarðar.

#### **4.10. Mat á upplýsingum og birting innherjaupplýsinga**

10. gr.

*Starfsmönnum, framkvæmdastjóra og stjórnarmönnum ber að gera regluverði tímanlega grein fyrir upplýsingum sem hugsanlega geta talist til innherjaupplýsinga.*

*Regluvörður skal veita álit á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að þær teljist til innherjaupplýsinga. Greini framkvæmdastjóra og regluvörð á um mat á upplýsingum skal regluvörður skrá það í samskiptaskrá og greina frá því í skýrslu til stjórnar. Ef stjórn útgefanda fellst ekki á afstöðu regluvarðar og regluvörður metur það sem svo að um alvarlegt brot gegn lögum og reglum geti verið að ræða skal hann gera Fjármálaeftirlitinu viðvart.*

*Innan fyrirtækis skal vera til staðar skilgreint verklag varðandi meðferð upplýsinga.*

*Birta skal allar innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eftir þeim aðferðum sem fjallað er um í lögum og reglum.*

Þeir aðilar innan útgefanda sem búa yfir innherjaupplýsingum og/eða upplýsingum sem síðar geta talist til innherjaupplýsinga (t.d. áður en þær teljast nægilega tilgreindar) skulu gera regluverði grein fyrir þeim. Mikilvægt er að regluvörður hafi greiðan aðgang að æðstu stjórnendum útgefanda, t.a.m. á sameiginlegum fundum þeirra, svo regluvörður sé í góðum tengslum við það sem er í gangi innan fyrirtækis. Varðandi einstök mál skal regluverði greint frá þeim þegar þau koma upp. Regluverði skal greint frá slíku tímanlega, þ.e. áður en upplýsingarnar eru orðnar þess eðlis að teljast til innherjaupplýsinga.

Regluvörður á að vera sérfræðingur í að meta hvort upplýsingar teljast innherjaupplýsingar. Það er mat hans, en þó getur komið upp sú staða að framkvæmdastjóri útgefanda er ósammála regluverði, eftir að regluvörður hefur veitt honum álit sitt. Í slíkum aðstæðum skal regluvörður skrá í samskiptaskrá ástæður framkvæmdastjóra fyrir að birta ekki upplýsingar (þ.e. þeim þætti sem framkvæmdastjóri er ósammála regluverði um). Regluvörður skal síðan greina frá slíku í skýrslu til stjórnar. Ljóst er að regluvörður getur, telji hann tilefni til, lagt skýrslu fyrir stjórn vegna einstaks máls, sem alvarlegt er og regluvörður telur mikilvægt að stjórn sé upplýst um í ljósi ábyrgðarhlutverks síns. Ef stjórn bregst ekki við skal regluvörður, ef hann telur tilefni til með hliðsjón af alvarleika hugsanlegs brots, greina Fjármálaeftirlitinu frá málinu.

Regluvörður getur einnig skráð mat sitt um að birta ekki upplýsingar í samskiptaskrá ef hann telur tilefni til. Hafa skal í huga að verkefni geta þróast áfram og þarf því að meta reglulega hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga. Þá geta regluvörður og framkvæmdastjóri verið sammála um að upplýsingar teljist ekki innherjaupplýsingar og ef regluvörður telur tilefni til þá getur hann skráð það í samskiptaskrá og ástæður þess.

Útgefandi skal hafa til staðar skilgreint verklag þar sem fram skal koma hvað gera skal varðandi mat á upplýsingum, framkvæmd mats, opinbera birtingu innherjaupplýsinga og frestun á birtingu þeirra. Útgefendur fjármálagerna á markaði eru æði misjafnir, þ.m.t. skipulag þeirra, uppbygging og stærð. Því er eðlilegt að útgefandi setji sjálfur fram eigið verklag svo ljóst sé hvað gera skuli í tilteknum aðstæðum, hver skuli gera hvað, hver ber ábyrgð hverju sinni o.s.frv. Þá getur útgefandi tiltekið í dæmaskyni miðað við það félag sem um ræðir hvaða upplýsingar gætu talist til innherjaupplýsinga, þó það sé ávallt háð mati hverju sinni. Einnig væri heppilegt að setja almennar viðmiðanir fyrir félag, t.d. um opin og lokuð tímabil. Dæmi um lokuð tímabil gætu verið síðustu vikur fyrir birtingu ársreiknings eða árshlutareiknings þar sem öll viðskipti starfsmanna eða innherja eru bönnuð. Ástæðan fyrir slíku tímabili er meðal annars að viðskipti á þessu tímabili geta verið tortryggileg og haft skaðleg áhrif á útgefanda og markaðinn í heild.

Allar innherjaupplýsingar skulu birtar án tafar í samræmi við 122. gr. vvl. Við slíka birtingu skal fara eftir ákvæðum reglugerðar um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005, þar sem m.a. er kveðið á um aðferðir og tímafresti sem og reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu samkvæmt vvl.

#### 4.11. Lögmæt frestun birtingar innherjaupplýsinga

##### 11. gr.

*Regluvörður skal veita álit á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að hægt sé að nýta heimild útgefanda samkvæmt lögum og reglum til að fresta birtingu innherjaupplýsinga. Greini framkvæmdastjóra og regluvörð á um mat á skilyrðum lögmætrar frestunar á birtingu innherjaupplýsinga skal regluvörður skrá slíkt í samskiptaskrá og greina frá því í skýrslu til stjórnar. Ef stjórn útgefanda fellst ekki á afstöðu regluvarðar og hann telur það sem svo að um alvarlegt brot gegn lögum og reglum geti verið að ræða skal hann gera Fjármálaeftirlitinu viðvart.*

*Útgefandi frestar birtingu innherjaupplýsinga á eigin ábyrgð.*

*Ákvörðun um frestun birtingar innherjaupplýsinga ber að skrá í samskiptaskrá, sbr. 7. gr. reglnanna, ásamt rökstuðningi fyrir frestuninni.*

Við mat á því hvort innherjaupplýsingar séu þess eðlis að heimilt sé að fresta birtingu þeirra á sér stað sambærilegt ferli og þegar um mat á upplýsingum er að ræða. Ljóst er að þegar útgefandi ákveður að fresta birtingu upplýsinga gerir hann það á eigin ábyrgð. Það er framkvæmdastjóri sem á síðasta orðið varðandi matið, en regluvörður skráir atvikið ef þá greinir á um það. Regluvörður greinir síðan frá slíku í skýrslu til stjórnar og ef stjórn bregst ekki við skal regluvörður, ef hann telur

tilefni til með hliðsjón af alvarleika hugsanlegs brots, greina Fjármálaeftirlitinu frá málinu. Ítrekað skal að engin takmörkun er þó á mati Fjármálaeftirlitsins eða eftirlits þess vegna slíks fyrirkomulags.

Útgefanda er aðeins heimilt að fresta birtingu innherjaupplýsinga á eigin ábyrgð í samræmi við það sem kveðið er á um í 122. gr. vvl. og reglugerð um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005. Meginreglan er sú að útgefendum ber að birta innherjaupplýsingar þegar í stað. Um undantekningu er að ræða þegar birtingu er frestað og verða útgefendur að hafa það í huga. Það þurfa að vera haldbærar ástæður fyrir frestuninni. Í dæmaskyni vísast m.a. til 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005, þar sem taldar eru upp kringumstæður sem geta réttlætt frestun birtingar á innherjaupplýsingum vegna hagsmuna útgefenda.

#### 4.12. Varfærin meðferð innherjaupplýsinga

##### 12. gr.

*Nýti útgefandi heimild til frestunar á birtingu innherjaupplýsinga ber honum að tryggja varfærna meðferð þeirra. Útgefanda ber að takmarka aðgang að innherjaupplýsingum við þá aðila sem þurfa á þeim að halda til að geta sinnt starfi sínu fyrir útgefanda og gera ráðstafanir til að hindra að óviðkomandi aðilar geti kynnt sér efni þeirra eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða.*

*Regluvörður skal hafa yfirsýn yfir það hvaða aðilar búa yfir innherjaupplýsingum á hverjum tíma. Aðili sem hefur umsjón með verkefni sem felur í sér innherjaupplýsingar ber ábyrgð á varfærinni meðferð þeirra. Regluverði skal tilkynnt um það hafi innherjaupplýsingum verið miðlað áfram. Regluverði og/eða umsjónaraðila með viðkomandi verkefni ber að upplýsa viðtakanda innherjaupplýsinga um hvers konar upplýsingar ræðir, þann trúnað sem ríkir um upplýsingarnar, þá ábyrgð sem fylgir því að búa yfir innherjaupplýsingum og þau viðurlög sem liggja við misnotkun eða dreifingu slíkra upplýsinga.*

*Regluvörður skal sjá til þess að innherjalistar séu uppfærðir og senda tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins, samhliða miðlun innherjaupplýsinga og sendingu upplýsinga til innherja um réttarstöðu þeirra, sbr. 17. gr. þessara reglna.*

*Útgefanda ber að gera ráðstafanir til að tryggja tafarlausa birtingu innherjaupplýsinga, komi í ljós að ekki sé unnt að tryggja trúnað um upplýsingarnar.*

Varfærin meðferð innherjaupplýsinga sem ákveðið hefur verið að fresta birtingu á er fortakslaus skylda, enda er eitt af skilyrðum þess að nýta heimild til frestunar að geta tryggt trúnað um upplýsingarnar. Ef slíkt reynist ekki hægt, þ.e. að tryggja trúnað, ber útgefanda að birta upplýsingarnar þegar í stað. Útgefandi þarf því að hafa gert ráðstafanir til að geta birt upplýsingarnar tafarlaust.

Upplýsingarnar skulu einungis afhentar þeim sem þurfa á þeim að halda starfs síns vegna og skal regluvörður hafa yfirsýn yfir það hverjir búa yfir innherjaupplýsingunum og þannig umsjón með miðlun þeirra. Þá ber að leita til regluvarðar eftir samþykki um miðlun upplýsinganna fyrirfram. Við meðferð gagna sem hafa að geyma innherjaupplýsingar, án tillits til þess á hvaða formi gögnin eru, skal þess gætt að óviðkomandi geti ekki kynnt sér efni þeirra eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða.

Þeir sem hafa innherjaupplýsingar undir höndum skulu m.a. nota læsta skápa fyrir gögn, lykilorð fyrir tölvur og gera aðrar ráðstafanir sem draga úr líkum á að innherjaupplýsingar berist óviðkomandi. Fjölföldun gagna sem innihalda innherjaupplýsingar skal haldið í lágmarki og afrit skulu geymd með sömu varfærni og frumrit.

Vakin er athygli á að sama gildir um aðila eins og prófarkalesara, prentara, starfsmenn auglýsingastofa, kynningaraðila o.fl. sem vinna fyrir félagið og fengið hafa innherjaupplýsingarnar starfs síns vegna.

#### 4.13. Gerð innherjalista og viðmið stjórnar útgefanda

13. gr.

*Útgefandi skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila sem tengjast þeim fjárhagslega. Regluvörður útgefanda skal sjá um að setja saman, breyta, viðhalda og senda innherjalista og lista yfir fjárhagslega tengda aðila til Fjármálaeftirlitsins fyrir hönd útgefanda.*

*Stjórn fyrirtækis skal setja viðmið um hverja skuli setja á lista yfir fruminnherja. Þá skal stjórn einnig setja viðmið um hvaða fruminnherjar skuli teljast til stjórnenda útgefanda vegna birtingar upplýsinga um viðskipti stjórnenda.*

*Regluvörður skal styðjast við viðeigandi lög og reglur sem og viðmið stjórnar við mat á því hvaða einstaklingar teljast til fruminnherja og færðir skulu á innherjalista og hvaða fruminnherjar teljast stjórnendur.*

Varðandi innherjalista vísast til 128. gr. vvl. Það er regluvarðar að vinna að gerð innherjalista, skrá allar breytingar og senda Fjármálaeftirlitinu. Innherjar skulu veita regluverði tilskildar upplýsingar. sbr. 17. gr. reglnanna.

Regluvörður skal styðjast við viðmið stjórnar um hverja skuli setja á lista yfir fruminnherja. Við setningu viðmiða stjórnar, skulu t.a.m. koma til skoðunar staða viðkomandi, starf og/eða aðgengi að upplýsingum. Einnig skal líta til skilgreiningar á hugtakinu fruminnherji samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 121. gr. vvl. Þar sem fram kemur að fruminnherji sé aðili sem hafi að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerna. Ekki skiptir máli hvort aðilar séu sjálfstætt starfandi eða þiggi laun sín frá útgefanda.

Stjórn getur t.a.m. skoðað og greint skipurit og meðhöndlun innherjaupplýsinga innan fyrirtækis til að unnt sé að meta hverjir, með hliðsjón af stöðu eða aðgangi að upplýsingum, falli innan skilgreiningarinnar. Til leiðbeiningar getur t.d. verið heppilegt að hafa í huga aðgang eftirtalinna aðila; stjórnarmanna, forstjóra, framkvæmdastjóra, forstöðumanna, deildarstjóra og starfsmanna deilda sem hafa beinan aðgang að innherjaupplýsingum, svo sem upplýsingum um fjárhagsstöðu og mikilvægum upplýsingum um rekstur og rekstraráætlanir og meiri háttar samningsgerð á vegum útgefanda (t.d. starfsmenn upplýsingatæknisviðs), innri endurskoðenda, ritara stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjóra og eftir atvikum starfsmenn dótturfélaga, verðbréfafyrirtækja sem annast markaðssetningu á fjármálagerningum, banka, ráðgjafa, endurskoðenda, lögmannna og rekstrarráðgjafa. Þá skal stjórn útgefanda einnig setja viðmið um hvaða fruminnherjar teljist til stjórnenda, sbr. 127. gr. vvl. Stjórn getur útbúið slík viðmið ásamt viðmiðum um fruminnherja í sama skjali. Ekki er ætlast til þess að stjórn komi að því að tilgreina einstaka starfsmenn.

Á það skal bent að dótturfélög sem hafa veruleg áhrif á afkomu móðurfélags og dótturfélög með stjórnunarleg tengsl, teljast ennfremur fruminnherjar í skilningi laganna. Með stjórnunarlegum tengslum er t.a.m. átt við þegar stjórnandi/lykilstarfsmaður sem tekur fjárfestingarákvarðanir í dótturfélaginu, situr einnig í stjórn móðurfélagsins. Teljist dótturfélag hins vegar ekki fruminnherji, sbr. framangreint, ber að setja það á lista yfir fjárhagslega tengda aðila.

Útgefendur fjármálagerna á markaði eru mismunandi að stærð og gerð og því mikilvægt að stjórn félags móti slík viðmið. Regluvörður styðst við viðmið sem stjórn hefur sett og er mat hans byggt á viðmiðunum og þeim lögum og reglum er gilda. Það er regluvarðar að ákvarða hvaða aðilar fara á innherjalista útgefanda. Þess skal þó getið að það breytir engu um ábyrgð einstakra aðila vegna innherjasvika og/eða eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Regluvörður fjallar um reynslu af viðmiðunum í skýrslu til stjórnar og getur þá stjórn tekið þau til endurskoðunar síðar meir telji stjórn það nauðsynlegt.

Eðli málsins samkvæmt þá metur regluvörður það hverju sinni, hvaða aðilar á vegum útgefanda teljast til tímabundinna innherja, en það eru þeir aðilar sem ekki teljast til fruminnherja en búa yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna.

#### 4.14. Listi yfir fruminnherja

14. gr.

Á lista yfir fruminnherja ber útgefanda að skrá alla þá sem falla undir skilgreiningu á hugtakinu fruminnherji og þau viðmið sem stjórn útgefanda hefur sett. Á lista yfir fruminnherja skal tilgreina:

1. Heiti og kennitölu útgefanda (hafi útgefandi ekki íslenska kennitölu skal skrá sambærilegt auðkenni útgefanda),
2. heimilisfang, póstnúmer, stað, land og símanúmer útgefanda,
3. dagsetningu þegar viðkomandi fruminnherjalisti er sendur til Fjármálaeftirlitsins,
4. nafn, kennitölu og netfang regluvarðar og staðgengils hans (hafi regluvörður ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs),
5. skipulegan verðbréfamarkað þar sem fjármálagerningar útgefanda hafa verið teknir til viðskipta eða þar sem óskað hefur verið eftir að þeir yrðu teknir til viðskipta eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með viðkomandi fjármálagerninga,
6. dagsetningu þegar viðkomandi öðlast stöðu fruminnherja,
7. kennitölu, nafn, heimilisfang og póstnúmer fruminnherja (hafi fruminnherji ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs),
8. tengsl fruminnherja við útgefanda.

Mikilvægt er að fylla eyðublaðið rétt út. Hvað varðar tilgreiningu á útgefanda sem ekki er með íslenska kennitölu þá skal skrá sambærilegt auðkenni, þ.e. skráningarnúmer þess í heimaríkinu, t.d. „national ID number.“ Að sama skapi skal nota númer vegabréfs, hafi regluvörður, staðgengill eða fruminnherji ekki íslenska kennitölu.

Greina skal frá tengslum fruminnherja við útgefanda með skýrum hætti svo að þátttakendur á markaði megi átta sig á þeim.

#### 4.15. Listi yfir tímabundna innherja

15. gr.

Á lista yfir tímabundna innherja ber útgefanda að skrá alla þá sem falla undir skilgreiningu á hugtakinu tímabundinn innherji. Á lista yfir tímabundna innherja skal tilgreina:

1. Heiti og kennitölu útgefanda (hafi útgefandi ekki íslenska kennitölu skal skrá sambærilegt auðkenni útgefanda),
2. heimilisfang, póstnúmer, stað, land og símanúmer útgefanda,
3. dagsetningu þegar viðkomandi listi yfir tímabundna innherja er sendur til Fjármálaeftirlitsins,
4. auðkenningu verkefnis,
5. nafn, kennitölu og netfang regluvarðar og staðgengils hans (hafi regluvörður ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs),
6. skipulegan verðbréfamarkað þar sem fjármálagerningar útgefanda hafa verið teknir til viðskipta eða þar sem óskað hefur verið eftir að þeir yrðu teknir til viðskipta eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með viðkomandi fjármálagerninga,
7. dagsetningu þegar viðkomandi öðlast stöðu tímabundins innherja,
8. kennitölu, nafn, heimilisfang og póstnúmer tímabundins innherja (hafi innherji ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs),
9. tengsl tímabundins innherja við útgefanda.

Útgefanda ber að senda Fjármálaeftirlitinu lista þegar innherjaupplýsingar eru fyrir hendi og aðilar sem ekki eru á fruminnherjalista hafa fengið aðgang að upplýsingunum. Ef innherjaupplýsingar eru fyrir hendi um fleiri en einn atburð eða kringumstæður er varða útgefanda ber að senda einn lista yfir tímabundna innherja fyrir hvern atburð og/eða kringumstæður.

*Þegar innherjaupplýsingar liggja ekki lengur fyrir skal Fjármálaeftirlitinu sendur listi yfir brottfall tímabundinna innherja. Á þeim lista skal tilgreina sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 1. mgr.*

Á lista yfir tímabundna innherja er óskað eftir sambærilegum upplýsingum og varðandi fruminnherja að viðbættu auðkenni verkefnis. Bæði getur verið um að ræða starfsmenn útgefanda sem ekki eru á fruminnherjalista sem og utanaðkomandi aðila. Á listann skal skrá alla þá aðila sem tengjast viðkomandi atburði eða kringumstæðum og búa yfir innherjaupplýsingum en eru ekki þegar á skrá yfir fruminnherja. Í þeim tilvikum sem útgefandi lætur af hendi innherjaupplýsingar til stjórnvalds á grundvelli lagaheimildar, dómsúrskurðar o.þ.h., skal útgefandi tilgreina viðkomandi stjórnvald sem tímabundinn innherja. Það er síðan viðkomandi stjórnvalds að fara að reglunum, sbr. 3. mgr. 1. gr. reglnanna.

Líkt og fram kemur í 2. mgr. skal senda fleiri en einn lista ef um er að ræða fleiri en einn atburð eða verkefni og því sérstaklega mikilvægt að merkja verkefni með auðkenni á listanum. Lagt er til að regluvörður haldi utan um auðkenni verkefna. Þannig getur útgefandi verið með fleiri en einn lista yfir tímabundna innherja á sama tíma og hugsanlegt er að sami aðili sé á fleiri en einum lista með mismunandi auðkennum.

Vakin er athygli á því að Fjármálaeftirlitið lítur svo á að sé listi yfir tímabundna innherja til staðar jafngildi það yfirlýsingu um tilvist innherjaupplýsinga hjá útgefanda. Tímabundnum innherjum er þar af leiðandi ávallt óheimilt að eiga viðskipti með bréf útgefandans.

Mikilvægt er að haldið sé vel utan um það hverjir hafa aðgang að innherjaupplýsingum. Markast það ekki af upplýsingunum (eða verkefninu) í heild sinni heldur þeim einstaklingum sem hafa aðgang að upplýsingum hverju sinni. Það er því mikilvægt að haldið sé utan um það hverjir hafa aðgang að upplýsingum og ef tilteknir einstaklingar búa ekki lengur yfir innherjaupplýsingum skal setja nafn þeirra á lista yfir brottfall tímabundinna innherja.

#### **4.16. Listar yfir fjárhagslega tengda aðila**

16. gr.

*Á lista yfir fjárhagslega tengda aðila ber að setja þá sem teljast fjárhagslega tengdir innherjum, þ.e. bæði fruminnherjum og tímabundnum innherjum. Eftirtaldir aðilar skulu teljast fjárhagslega tengdir innherjum:*

1. *Maki og sambúðarmaki,*
2. *ó fjárráða börn, kjörbörn og stjúp börn á heimili innherja,*
3. *önnur skyldmenni sem búa á heimili með innherja og hafa búið á heimili með innherja í a.m.k. eitt ár þegar viðskipti eiga sér stað,*
4. *lögaðili:*
  - a) *sem lýtur framkvæmdastjórn innherja eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 og 3 hér að framan,*
  - b) *sem er stjórnað með beinum eða óbeinum hætti af innherja eða aðila sem er talinn upp í lið 1, 2 og 3 hér að framan,*
  - c) *annar en í lið a eða b ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnnaðir hagsmunum innherja eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 eða 3 hér að framan.*

*Á lista yfir fjárhagslega tengda aðila skal tilgreina:*

1. *Heiti og kennitölu útgefanda (hafi útgefandi ekki íslenska kennitölu skal skrá sambærilegt auðkenni útgefanda),*
2. *heimilisfang, póstnúmer, stað, land og símanúmer útgefanda,*
3. *dagsetningu þegar viðkomandi listi yfir fjárhagslega tengda aðila er sendur til*
4. *Fjármálaeftirlitsins,*
5. *auðkenni verkefnis (á lista yfir aðila fjárhagslega tengda tímabundnum innherjum),*
6. *nafn, kennitölu og netfang regluvarðar og staðgengils hans (hafi regluvörður ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs),*



7. skipulegan verðbréfamarkað þar sem fjármálagerningar útgefanda hafa verið teknir til viðskipta eða þar sem óskað hefur verið eftir að þeir yrðu teknir til viðskipta eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF) þar sem verslað er með viðkomandi fjármálagerninga,
8. dagsetningu hvenær viðkomandi öðlast stöðu fjárhagslega tengds aðila,
9. kennitölu, nafn, heimil og póstnúmer fjárhagslega tengds aðila (hafi hann ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs),
10. kennitölu innherja sem hinn fjárhagslega tengdi aðili er tengdur (hafi innherji ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs),
11. tengsl fjárhagslega tengds aðila við innherja.

*Regluvörður skal a.m.k. á sex mánaða fresti minna innherja á að yfirfara hvort breyting hafi orðið á fjárhagslega tengdum aðilum og skyldu þeirra til að tilkynna útgefanda um slíkar breytingar.*

Undir 4. tl. 1. mgr. fellur t.d. útgefandi, dótturfélög útgefanda sem ekki teljast til fruminnherja (sjá umfjöllun um fruminnherja í formála) og eignarhaldsfélög í eigu fruminnherja og eftir atvikum í eigu fjárhagslega tengdra aðila.

Vakin er athygli á því að rannsóknar- og tilkynningarskylda fruminnherja vegna viðskipta fjárhagslegra tengdra aðila hvílir á fruminnherjanum en ekki fjárhagslega tengda aðilanum. Því er mjög mikilvægt að fruminnherjar kynni vel fyrir aðilum sem eru tengdir þeim fjárhagslega þær reglur sem um viðskipti þeirra gilda og að skilaboð á milli aðila um heimild til viðskipta séu ávallt skýr.

Miða skal við endurskoðun á lista yfir fjárhagslega tengda aðila á sex mánaða fresti í samræmi við 2. mgr. 128. gr. vvl. Vísað er almennt til innherja í ákvæðinu, en ekki sérstaklega fruminnherja, þrátt fyrir að eðli málsins samkvæmt eigi slíkt í raun einungis við um fruminnherja.

#### **4.17. Tilkynning til innherja, eyðublað um fjárhagslega tengda aðila og yfirlýsing**

17. gr.

*Regluvörður skal senda þeim sem hann setur á lista yfir fruminnherja og tímabundna innherja skriflega tilkynningu um réttarstöðu þeirra sem innherja. Í tilkynningunni ber að greina viðkomandi frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sem og eintak af reglum þessum eða upplýsingar um hvar þær er að finna. Þá skal viðkomandi einnig kynnt laga- og reglugerðarákvæði sem gilda um innherjasvik.*

*Fruminnherjum skal kynna sérstaklega þær reglur sem þeir og aðilar þeim fjárhagslega tengdir þurfa að gæta að er þeir eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefanda. Tímabundnum innherjum skal sérstaklega bent á að þeim er með öllu óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefanda á meðan þeir búa yfir innherjaupplýsingum og að hið sama eigi við um aðila fjárhagslega tengda tímabundnum innherjum.*

*Með tilkynningu um réttarstöðu innherja skal senda innherja til útfyllingar eyðublað um fjárhagslega tengda aðila. Einnig skal senda innherja til undirritunar yfirlýsingu um að hann og fjárhagslega tengdir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og þær reglur sem um viðskipti þeirra gilda. Hvort tveggja ber innherja að senda útgefanda án tafar. Útgefandi skal geyma undirritaða yfirlýsingu á meðan innherjalisti er í gildi og í sjö ár eftir að að hann fellur úr gildi.*

*Innherja skal tilkynnt með skriflegum hætti þegar hann hefur verið tekinn af innherjalista.*

*Það er hlutverk regluvarðar að útbúa og senda tilkynningar um réttarstöðu innherja ásamt fylgigögnum og tilkynningu um brottfall af slíkum lista. Einnig er það regluvarðar að sjá til þess að viðeigandi gögn frá innherja séu varðveitt.*

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að fullnægjandi sé að senda tilkynningu með tölvupósti. Mikilvægt er að útskýra vandlega í hverju það felst að vera innherji. Þá er ítrekað að tilkynna þarf þegar nafn viðkomandi einstaklings er sett á innherjalista og einnig þegar aðili hefur verið tekinn af slíkum lista.

Hafa skal í huga að það dregur ekki úr ábyrgð aðila að kunna ekki skil á lögum og reglum sem gilda um viðskipti innherja.

Regluverði ber að afla undirritaðrar yfirlýsingar frá innherja um að hann og fjárhagslega tengdir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja í hvert skipti sem viðkomandi er settur á lista yfir innherja.

Skylda útgefanda til að varðveita yfirlýsingu innherja er lengd úr einu ári í sjö ár til að samræmis sé gætt við fyrningarfrest í lögum um verðbréfavíðskipti.

#### **4.18. Sending innherjalista til Fjármálaeftirlitsins, tímamörk og varðveisla innherjalista**

18. gr.

*Lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu þegar í stað þegar óskað hefur verið eftir að fjármálagerningur útgefanda verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðskipti eru hafin með hann á markaðstorgi fjármálagerninga. Lista yfir aðila fjárhagslega tengda innherjum skal skila samhliða listum yfir fruminnherja og tímabundna innherja.*

*Allar breytingar á upplýsingum um innherja, þ.m.t. fjárhagslega tengda aðila, ber að senda Fjármálaeftirlitinu þegar í stað.*

*Verði engar breytingar á listum ber engu að síður að senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða innherjalista eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.*

*Innherjalistum og listum yfir fjárhagslega tengda aðila ber að skila með rafrænum hætti í gegnum skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins. Eyðublöð fyrir innherjalista og lista yfir fjárhagslega tengda aðila er að finna í skýrsluskilakerfinu.*

*Útgefandi skal varðveita alla innherjalista sem sendir hafa verið Fjármálaeftirlitinu í sjö ár frá dagsetningu þeirra.*

Regluvörður, fyrir hönd útgefanda, getur sótt um aðgang að skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins þegar fullbúin umsókn hefur borist skipulögðum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga.

Leiðbeiningar um skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins er að finna á vefsíðu þess.

Þar er einnig að finna eyðublað fyrir regluverði til að senda innherjum vegna fjárhagslega tengdra aðila og sniðmát að yfirlýsingu innherja sem útgefandi skal varðveita.

Listar yfir fruminnherja eru birtir á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Birting auðveldar fyrirtækjum í verðbréfabjónustu að sinna eðlilegri leiðbeiningarskyldu gagnvart viðskiptavinum sem og að tilkynna um grunsamleg viðskipti til Fjármálaeftirlitsins. Listar yfir tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum og tímabundnum innherjum eru ekki birtir.

Líkt og fram kemur í 2. mgr. 15. gr. reglnanna, ber útgefanda að senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir tímabundna innherja þegar innherjaupplýsingar eru fyrir hendi og aðilar sem ekki eru á fruminnherjalista hafa fengið aðgang að upplýsingunum. Ef innherjaupplýsingar eru fyrir hendi vegna fleiri en eins atburðar eða kringumstæðna er varða útgefanda ber að senda lista yfir tímabundna innherja vegna hvers atburðar og/eða kringumstæðna. Ber þá ávallt að fara eftir framangreindum kröfum um hvern lista. Vakin skal sérstök athygli á því að tilkynna þarf um breytingar á upplýsingum um innherja þegar í stað, t.a.m. um brottfall aðila af lista yfir tímabundna innherja. Fyrri listi yfir aðila fjárhagslega tengda tímabundna innherjanum fellur úr gildi við það. Ef

aðili er á fleiri en einum lista yfir tímabundna innherja, þ.e. vegna fleiri en eins verkefnis, er mikilvægt að tilgreint sé á lista yfir brottfall tímabundinna innherja hvaða verkefni það er þar sem hann hefur ekki lengur stöðu tímabundins innherja.

Í vvl. er sérstaklega tilgreint að endurskoðaðan lista yfir innherja skuli senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Skiptir ekki máli þó engar breytingar hafi orðið. Regluvörður skal kanna hvort breytingar hafi orðið á fruminnherjum og minna fruminnherja á að uppfæra lista yfir fjárhagslega tengda aðila.

Það er regluvörður sem hefur aðgang að skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins og þegar hann hefur störf er honum úthlutað aðgangs- og lykilorði að kerfinu. Regluvörður skal varðveita aðgangs- og lykilorð með þeim hætti að óviðkomandi hafi ekki aðgang að kerfinu. Allar upplýsingar sem sendar eru Fjármálaeftirlitinu í gegnum aðgang regluvarðar eru á hans ábyrgð. Þegar regluvörður lætur af störfum skal útgefandi sjá til þess að aðgangi viðkomandi regluvarðar að skýrsluskilakerfinu sé lokað.

Varðveita skal lista og annað efni í sjö ár í ljósi þess að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk, sbr. 144. gr. vvl.

#### 4.19. Rannsóknarskylda fruminnherja

##### 19. gr.

*Á fruminnherja hvílir rannsóknarskylda, þ.e. sú sjálfstæða skylda hans að ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar áður en hann á viðskipti með fjármálagerninga útgefanda. Sama gildir um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru fjármálagerningum útgefanda og fyrirhuguð viðskipti aðila sem eru fjárhagslega tengdir fruminnherjum.*

*Fruminnherji skal meta sjálfur hvort hann býr yfir innherjaupplýsingum og ef hann telur vafa leika á því skal hann leita til næsta yfirmanns eða regluvarðar ef yfirmaður er ekki til staðar. Þá skal fruminnherji ráðfæra sig við regluvörð um fyrirhuguð viðskipti ef fruminnherji metur það sem svo að hann búi ekki sjálfur yfir innherjaupplýsingum.*

*Regluvörður skal svara til um hvort hann telur að til staðar séu innherjaupplýsingar hjá útgefanda og ráðleggja fruminnherja um fyrirhuguð viðskipti. Með því aðstoðar regluvörður fruminnherja við að uppfylla rannsóknarskyldu sína.*

*Séu innherjaupplýsingar til staðar skal ráðlegging regluvarðar um fyrirhuguð viðskipti vera að mæla gegn því að fruminnherji eða aðilar honum fjárhagslega tengdir eigi viðskipti. Þá skal regluvörður benda fruminnherja á að ætli hann sér að eiga slík viðskipti engu að síður þá skuli hann tilkynna regluverði um þau og að regluverði sé skylt að tilkynna um slík viðskipti til Fjármálaeftirlitsins.*

*Fruminnherji skal sinna rannsóknarskyldu þann dag sem viðskipti eru fyrirhuguð. Eigi viðskipti sér ekki stað þann dag skal fruminnherji hefja rannsókn sína að nýju.*

*Fruminnherji skal geta sýnt fram á með skriflegum hætti að hann hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni áður en hann átti viðskipti með fjármálagerning útgefanda.*

*Þegar regluvörður eða aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggjast eiga viðskipti skal hann leita til framkvæmdastjóra útgefanda til að sinna tilkynningar- og rannsóknarskyldu sinni. Í þeim tilvikum skal framkvæmdastjóri sjá um að senda tilkynningar og annað slíkt sem regluvörður hefði annars gert samkvæmt lögum og reglum.*

Fruminnherji ber ábyrgð á rannsóknarskyldu sinni. Hann getur ekki komist hjá þeirri ábyrgð með því að ræða við yfirmann og regluvörð. Ábyrgðin er alltaf hans, en það er einungis hluti af rannsókninni að leita til þessarar aðila eftir því sem við á. Fyrst og fremst verður fruminnherji í upphafi að skoða og meta hvaða upplýsingar hann sjálfur hefur. Það gerir hann með því skoða sitt nærumhverfi. Með

Því að ræða við regluvörð fær hann upplýsingar um hvort það liggi fyrir innherjaupplýsingar annarsstaðar hjá útgefandanum enda skal regluvörður hafa yfirsýn yfir slíkt. Þar sem regluvörður er í þeirri stöðu að vita hvort innherjaupplýsingar liggja fyrir hjá útgefanda, getur hann veitt innherja álit sitt um hugsanleg viðskipti. Mæli regluvörður gegn því að innherji eigi viðskipti vegna þess að innherjaupplýsingar eru fyrirbyggjandi innan félagsins, skal hann jafnframt benda innherja á að ætli hann að samt sem áður að eiga slík viðskipti beri honum að tilkynna regluverði um viðskiptin sem sé skylt að tilkynna um þau til Fjármálaeftirlitsins og að í slíkum viðskiptum geti falist lögbrot.

Fruminnherja kann að vera ókunnugt um innherjaupplýsingar þó að þær séu fyrirbyggjandi innan útgefanda og er regluverði ekki heimilt að upplýsa fruminnherja hvers eðlis þær eru þó að hann mæli gegn viðskiptum innherja sem sinnir rannsóknarskyldu sinni. Þá má regluvörður ekki greina frá því hvaða aðilar búa yfir slíkum upplýsingum.

Svo kann einnig að vera að innherji búi yfir innherjaupplýsingum sem regluverði er einhverra hluta vegna ekki kunnugt um. Í slíkum tilvikum myndi álit regluvarðar ekki leysa innherja undan ábyrgð á mögulegum innherjasvikum.

Fjármálaeftirlitið mælist til þess að innherjar eigi samskipti við regluvörð skriflega, til að auðvelt sé að sýna fram á samskiptin, t.d. ef Fjármálaeftirlitið óskar síðar upplýsinga um framkvæmd viðskipta.

Vakin er athygli á því að ábyrgð á rannsóknar- og tilkynningarskyldu hvílir á fruminnherjanum en ekki á fjárhagslega tengdum aðilum, í þeim tilvikum sem fjárhagslega tengdir aðilar eiga tilkynningarskyld viðskipti. Mjög mikilvægt er því að fruminnherjar kynni vel fyrir aðilum þeim fjárhagslega tengdum, þær reglur sem um viðskipti þeirra gilda og að skilaboð á milli aðila um heimild til viðskipta séu ávallt skýr.

#### 4.20. Tilkynningarskylda fruminnherja

20. gr.

*Fruminnherji skal tilkynna regluverði skriflega áður en hann eða aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga viðskipti með fjármálagerning útgefandans eða fjármálagerninga sem honum tengjast. Hafi fruminnherji sinnt rannsóknarskyldu sinni skriflega og regluvörður ekki mælt gegn viðskiptum fruminnherja telst fruminnherji hafa sinnt þessum hluta tilkynningarskyldu sinnar.*

*Eftir að viðskipti hafa átt sér stað skal fruminnherji tilkynna regluverði tafarlaust með skriflegum hætti að hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum hafi átt tilkynningarskyld viðskipti. Í tilkynningu fruminnherja skal hann einnig upplýsa regluvörð um þau atriði sem nauðsynlegt er að komi fram samkvæmt 21. gr. reglnanna, til að senda megi tilkynningu um viðskiptin og eftir atvikum birta upplýsingar um viðskipti stjórnenda.*

*Regluvörður skal tilkynna um viðskiptin samdægurs til Fjármálaeftirlitsins fyrir hönd útgefanda.*

*Komi ekki fram fullnægjandi upplýsingar í tilkynningu fruminnherja skal regluvörður tafarlaust krefjast þess að fruminnherji bæti úr vanköntum á tilkynningunni. Verði innherji ekki við úrbótakröfu regluvarðar innan þess dags sem hún er sett fram skal regluvörður upplýsa Fjármálaeftirlitið um að borist hafi ófullnægjandi tilkynning með þeim upplýsingum sem liggja fyrir á þeim tíma.*

*Regluvörður skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um viðskipti sem fruminnherji hefur átt gegn ráðleggingu regluvarðar.*

Fruminnherji sem hefur uppfyllt rannsóknarskyldu sína skriflega við regluvörð og fengið álit regluvarðar þess efnis að viðkomandi geti átt viðskipti hefur með því í raun uppfyllt fyrir tilkynningarskyldu sína, þ.e. hann þarf ekki að tilkynna regluverði skriflega að nýju að hann hyggist eiga viðskipti, eða aðilar honum fjárhagslega tengdir. Tilkynning til regluvarðar um fyrirhuguð viðskipti telst ekki fullnægjandi nema hún sé skrifleg. Tilkynningu fruminnherja til regluvarðar um

framkvæmd viðskipta skal senda án tafar og skal hún innihalda nauðsynlegar upplýsingar, þar sem tilkynna þarf slíkt samdægurs til Fjármálaeftirlitsins sem og birta tilkynningu um viðskipti stjórnenda opinberlega. Fruminnherja ber að skila slíkum upplýsingum undantekningalaust.

Útgefanda ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um ófullnægjandi tilkynningu innherja svo ljóst sé að útgefandi hafi fengið upplýsingar um viðskipti innherja, án þess þó að hægt sé að senda fullnægjandi tilkynningu á viðeigandi eyðublaði til eftirlitsins. Senda skal ófullnægjandi tilkynningu í tölvupósti til Fjármálaeftirlitsins á netfangið fme@fme.is ef úrbótakrafa regluvarðar ber ekki árangur innan sama dags og hún er borin fram. Um leið og fullnægjandi upplýsingar berast ber regluverði að senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu með fullnægjandi upplýsingum á venjulegan hátt.

Í þeim tilvikum sem álit regluvarðar er á þá leið að fruminnherji skuli ekki að eiga viðskipti, en hann ákveður samt sem áður að eiga viðskipti, þá þarf fruminnherji að tilkynna regluverði um fyrirhuguð viðskipti (þ.e. senda sérstaka tilkynningu). Það skal ítrekað að regluverði ber að greina Fjármálaeftirlitinu frá slíkum tilvikum.

Vakin er athygli á að tilkynningarskylda hvílir á fruminnherja sjálfum, en ekki starfsmanni fjármálafyrirtækis sem séð hefur um viðskiptin fyrir hans hönd.

Starfsmönnum fjármálafyrirtækja sem eru útgefendur á skipulögðum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga er eigi heimilt að eiga viðskipti í gegnum annað fjármálafyrirtæki án þess að sinna rannsóknar- og tilkynningarskyldu sinni, ekki frekar en ef viðkomandi starfsmaður myndi eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefanda í gegnum sitt fyrirtæki. Rannsóknar- og tilkynningarskyldan er alltaf til staðar.

#### 4.21. Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins

21. gr.

*Útgefandi skal samdægurs senda tilkynningu um viðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila til Fjármálaeftirlitsins.*

*Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skulu eftirtalin atriði tilgreind:*

1. Nafn útgefanda,
2. dagsetning tilkynningar,
3. nafn fruminnherja, eða fjárhagslega tengds aðila ef við á,
4. tengsl fruminnherja við útgefanda,
5. dagsetning viðskipta og hvenær dagsins þau fóru fram,
6. tegund fjármálagernings,
7. hvort um var að ræða kaup eða sölu,
8. nafnverð og gengi í viðskiptum,
9. nafnverð hlutar fruminnherja annars vegar og fjárhagslega tengdra aðila hins vegar eftir viðskipti,
10. dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna, ef við á og
11. frekari upplýsingar, ef við á.

Regluvörður skal senda Fjármálaeftirlitinu samdægurs upplýsingar um viðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila. Fjármálaeftirlitið birtir upplýsingarnar ekki opinberlega heldur eru þær mikilvægur þáttur í eftirliti og rannsóknum eftirlitsins. Samkvæmt lögum skal tilkynna um viðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila samdægurs í gegnum skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins.

Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal m.a. tilgreina dagsetningu tilkynningar. Eðli máls samkvæmt er það sú dagsetning sem viðskiptin eiga sér stað í ljósi þess að tilkynna á viðskipti til Fjármálaeftirlitsins samdægurs og m.t.t. rannsóknarskyldu fruminnherja. Þá ber að greina frá tímasetningu viðskipta, en Fjármálaeftirlitið telur að tilgreina eigi öll viðskipti ef um er að ræða

viðskiptalotu (innan þess dags). Á eyðublaði Fjármálaeftirlitsins er hægt að færa inn ein eða fleiri viðskipti hvers innherja í eina tilkynningu, þar sem reiknað er út meðaltal þeirra.

Mikilvægt er að greina skýrlega frá tengslum fruminnherja við útgefanda, bæði vegna viðskipta fruminnherjans sjálfs og fjárhagslega tengds aðila.

Hafa skal í huga að upplýsingar í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti fruminnherja eru þær sömu og birta á opinberlega um viðskipti stjórnenda.

#### 4.22. Opinber birting upplýsinga um viðskipti

22. gr.

*Útgefanda ber þegar í stað og á jafnræðisgrundvelli, að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins.*

*Regluvörður skal fyrir hönd útgefanda taka saman og birta upplýsingar um viðskipti stjórnenda ásamt því að senda samhliða tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.*

Regluvörður skal birta upplýsingar um viðskipti stjórnenda útgefanda eins fljótt og auðið er. Í slíkri tilkynningu skal tilgreina sömu upplýsingar og gerð er krafa um í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 21. gr. reglnanna.

Mikilvægt er að greina skýrlega frá tengslum fruminnherja við útgefanda, bæði vegna viðskipta fruminnherjans sjálfs og fjárhagslega tengdra aðila.

Þær upplýsingar sem birta þarf um viðskipti stjórnenda eru vistaðar í miðlægu geymslakerfi Fjármálaeftirlitsins og er hægt að nálgast þær á vefsíðunni <http://oam.is/>.

Viðskipti þeirra stjórnenda sem eru fruminnherjar og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu útgefanda hafa mikið upplýsingagildi fyrir fjárfesta á markaði. Þær upplýsingar eru því þess eðlis að mikilvægt er að birta þær opinberlega á tilsettum tíma. Fjármálaeftirlitið veitir því sérstaka athygli hvort tilkynningar þessa efnis séu skýrar og birtar eins og lög og reglur gera ráð fyrir og telur Fjármálaeftirlitið því mikilvægt að aðilar hafi tækifæri til að veita frekari upplýsingar um viðskiptin ef við á. Getur slíkt verið nýtt til frekari skýringar fyrir aðila markaðsins. Í dæmaskyni má nefna að til viðskipta sem birta skal opinberlega teljast m.a. viðskipti þegar einstaklingur selur hlut sem hann hefur átt sjálfur yfir í félag sem er að öllu leyti í hans eigu - og því mögulega einungis um eignatilfærslu að ræða hjá viðkomandi aðila. Slíkum upplýsingum ber að greina frá opinberlega og því getur verið heppilegt að greina frá því í viðbótarskýringum að um þess háttar ráðstöfun sé að ræða.

Hafa skal í huga að upplýsingar í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti fruminnherja eru sama eðlis og upplýsingar sem birta á opinberlega um viðskipti stjórnenda.

#### 4.23. Fræðsla á lögum og reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja

23. gr.

*Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og starfsmenn útgefanda skulu hafa þekkingu og aðgang að þeim lögum og reglum er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.*

*Regluvörður skal sjá um fræðslu um lög og reglur er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Regluvörður skal sérstaklega fræða fruminnherja útgefanda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti fruminnherja, annarsvegar þegar viðkomandi aðilar fara á lista yfir fruminnherja og síðan reglulega þar á eftir. Þá skal regluvörður meta hvaða starfsmenn, aðrir en fruminnherjar, skulu fá fræðslu um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja m.t.t. meðferðar innherjaupplýsinga hjá útgefanda og hugsanlegrar stöðu þeirra síðar sem tímabundnir innherjar.*

Fruminnherjar verða að þekkja vel til þeirra reglna er gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Regluvörður skal sjá um fræðslu fyrir þá aðila og skal sú fræðsla fara fram þegar aðili fer á lista yfir fruminnherja og síðan reglulega þar á eftir. Regluvörður er sérfræðingur í þessum efnum og skal fylgjast vel með breytingum svo hann geti frætt fruminnherja fyrirtækisins.

Þá er einnig mikilvægt að regluvörður meti það sjálfur hvaða aðrir starfsmenn hann telur að þurfi fræðslu varðandi meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Það er ekki gerð krafa um að starfsmenn útgefanda sem starfa t.a.m. við framleiðslu og koma aldrei að upplýsingum sem hér um ræðir hafi þekkingu á þessu efni. Annað gildir um starfsmenn sem hugsanlega komast í tæri við slíkt við störf sín hjá útgefanda.

Vakin er athygli á því að kynna þarf efnið fyrir nýjum stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og viðeigandi starfsmönnum.

#### **4.24. Gildistaka o.fl.**

24. gr.

*Reglur þessar eru settar á grundvelli 132. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og taka gildi einum mánuði eftir útgáfu þeirra. Jafnframt falla úr gildi reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 987/2006 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.*

Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að aðilar fái svigrúm til að aðlaga nýjar reglur að starfsemi sinni, þ.á m. stjórnvöld sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni og þurfa að skerpa á sínu verklagi.

Reykjavík, 11. desember 2012

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Unnur Gunnarsdóttir

Halldóra Elín Ólafsdóttir